

Árni Daníel Júlíusson

## Frumgerðir sjávarþorpa

Um innreið kapítalisma og þróun menntakerfis suðvestanlands á 19. öld

Árið 1872 var stofnaður barnaskóli á Vatnsleysuströnd, og var haldið upp á 140 ára afmæli skólans með veglegum hætti árið 2012.<sup>1</sup> Af hverju var farið að stofna barnaskóla á Eyrarbakka og svo víðar, eins og á Vatnsleysuströnd, upp úr miðri 19. öld?<sup>2</sup> Barnaskóli er dýrt fyrirbæri. Það þarf að borga kennurum kaup, reisa skólahús, og allt er þetta veruleg byrði á samfélaginu. Kennsla fór, eða átti um þær mundir að fara fram, á hverju heimili landsins og skyldu húsbændur sjá til þess að börnin lærðu að lesa,<sup>3</sup> en prestar í hverri sókn sjá um að það væri gert. Árangurinn var góður, alveg frá því um 1800 kunnu langflestir landsmenn að lesa, en færri að skrifa. Auk þess að vera mjög virkt var þetta ódýrt kerfi. Engin skólahús þurfti að byggja, engin skólabörn að flytja og ekki að borga kaup kennara (nema ráðinn væri einkakennari, en það þekktist og fór í vöxt).

Um þjóðfélagsþróun á Íslandi um 1800 og þær breytingar sem þá urðu hafa margir fræðimenn fjallað ítarlega.<sup>4</sup> Söguritunarhefðin hefur þó ekki verið á þeim nótum að fjalla um tengslin milli efnahags- og stjórnmálaþróunar í Danmörku eða Evrópu annars vegar og Íslands hins vegar með þann möguleika í huga að atburðir áranna kringum 1800 marki upphaf kapítalísks ríkisvalds á Íslandi. Engu að síður er mjög margt sem bendir til að svo sé.

---

<sup>1</sup> Greinin er orðin til í sambandi við 140 ára afmæli skólans og þakkar höfundur Þorvaldi Erni Árnasyni kennara við Stóru-Vogaskóla góða samvinnu við ritun hennar.

<sup>2</sup> Árni Daníel Júlíusson: *Skólinn við ströndina*. Árborg 2003.

<sup>3</sup> Það var forstöðumaður hvers heimilis (oftast karlmaður) sem bar ábyrgð á því að börnum á heimilinu (hans sjálfs og annarra) væri kennt það sem kenna bar. Mörg börn ólust upp hjá öðrum en foreldrum sínum, eða hjá foreldrum sem ekki voru húsráðendur (t.d. vinnukona með barn). Hitt var svo allt annað mál hvaða tiltækri persónu húsráðandi fól að annast kennsluna; það gat verið eldra systkini eða annar unglingur, roskinn heimilismaður (t.d. afi eða amma) eða, á efnuðum heimilum, jafnvel heimiliskennari.

<sup>4</sup> Guðmundur Hálfðanarson: „Sala Skálholtsjarða. Fyrsta uppboð ríkiseigna á Íslandi. 1785–1898.“ *Saga* 2005. 43(2) s. 71–97. Almenn um sögu tímabilsins um 1800 sjá Anna Agnarsdóttir: „Var gerð bylting á Íslandi sumarið 1809?“ *Saga* 37, 1999. bls. 117–139, Ingi Sigurðsson (ritstj.): *Upplýsingin á Íslandi*. Rv. 1990.

## Aðstæður

Var ástæðuna fyrir stofnun nýju skólanna að finna í vaxandi þéttbýli? Ef til vill má að hluta til rekja þörfina til þess en einnig má færa fyrir því rök að ein forsenda vaxandi þéttbýlis, eftir 1870 eða svo, hafi verið stofnun barnaskólanna. Sérstaklega á það við um þá sprengingu í stofnun sjávarþorpa sem varð vestanlands, norðan og austan upp úr 1880. Sjávarþorp með barnaskóla var sennilega meira aðlaðandi í augum þeirra sem ætluðu að flytja úr sveitinni en sjávarþorp án barnaskóla. Stofnun barnaskóla gæti hafa verið mikilvæg forsenda þess að sjávarþorp varð lögmætur búsetumöguleiki á svæðum þar sem nær öll byggð hafði fram að því verið á bújörðum.

Stofnun barnaskólanna á Eyrarbakka, í Reykjavík, á Vatnsleysuströnd (Vatnsleysustrandarhreppur náði einnig yfir Njarðvík) og í Garði 1852–1873 er athyglisverður þáttur í umbreytingu og eins konar endurfæðingu hjáleigu- og þurrabúðahverfa sunnanlands á 19. öld. Þau ruddu brautina þegar kom að því að móta nýtt íslenskt búsetuform, sjávarþorpið. Aðrir þættir í þeirri umbreytingu voru meðal annars stóraukin framleiðsla, sérstaklega á saltfiski til útflutnings, fóst búseta kaupmanna og iðnaðarmanna árið um kring eftir 1760, sala konungsjarða í Skálholts-, Hóla- og Viðeyjargóssum til einkaaðila um 1800 og almennt séð breyting á samfélaginu úr lénsamfélagi í kapítalískt samfélag.<sup>5</sup>

## Eignarhald og afgjöld

Árið 1703 var í þáverandi Vatnsleysustrandarhreppi samfélag útvegsbænda, hjáleigumanna og þurrabúðarfólks.<sup>6</sup> Flestar jarðir á Vatnsleysuströnd voru í eigu konungs og heyrðu undir Bessastaðagóssið en höfðu upphaflega langflestar verið í eigu Viðeyjarklausturs. Upp úr siðaskiptum hafði konungur gert klausturgóssið upptækt eins og góss annarra pápistaklaustra. Á Bessastöðum var helsta bækistöð konungvaldsins í landinu eftir siðaskipti. Þar sátu löngum ædstu veraldlegu stjórnendur landsins. Nokkrar jarðir voru í eigu Kálfatjarnarkirkju. Á jörðum eins og Stóru-

<sup>5</sup> Hugtakið „lénsamfélag“ eða „lénskerfi“ er hér notað í sama skilningi og t.d. hjá Janken Myrdal, sem nefnir annað bindi sænsku landbúnaðarsögunnar (1998) „Jordbruket under feodalismen“, og vísast í það rit um frekari útlistanir og heimildir. Feodalisme er hér notað í öðrum og víðari skilningi en þegar talað er um að kjarni lénskerfis hafi verið lénsbönd milli aðalsmanna á miðöldum.

<sup>6</sup> Hjáleigubændur á Suðurnesjum höfðu flestir eina leigukú. Þurrabúðir voru tiltölulega fáar, andstætt því sem var t.d. á Snæfellsnesi.

Vogum, Brunnastöðum, Kálfatjörn og Vatnsleysubæjunum voru síðan hjáleigur, margar á hverri. Einnig voru jarðir eins og Breiðagerði, Landakot o.fl., sem einnig voru flestar í eigu konungs. Þar bjuggu leiguliðar en þar voru ekki eins margar hjáleigur í kring, stundum engar.

*Tafla 1. Lögbýli og hjáleigur á Vatnsleysuströnd 1703*

<i>Lögbýli</i>	<i>Fjöldi hjáleigna</i>	<i>Eigandi</i>
Ytri-Njarðvík	5 hjáleigur	Konungur
Narfakot		Konungur
Innri-Njarðvík	6 hjáleigur	Konungur
Stóru-Vogar	9 hjáleigur	Konungur
Minni-Vogar	3 hjáleigur	Konungur
Brunnastaðir	10 hjáleigur	Konungur
Hlöðunes	1 hjáleiga	Konungur
Stóru-Ásláksstaðir	1 hjáleiga	Konungur
Minni-Ásláksstaðir		Konungur
Litla-Knarrarnes		Konungur
Stóra-Knarrarnes	1 hjáleiga	Konungur
Breiðagerði		Konungur
Auðnar	4 hjáleigur	Konungur
Landakot		Konungur
Þórustaðir	1 hjáleiga	Konungur
Kálfatjörn	7 hjáleigur	Beneficium
Bakki	1 hjáleiga	Kálfatjarnarkirkja
Flekkuvík	6 hjáleigur	Kálfatjarnarkirkja
Minni-Vatnsleysa	2 hjáleigur	Konungur
Stóra-Vatnsleysa	4 hjáleigur	Konungur
Hvassahraun	3 hjáleigur	Konungur
21 lögbýli	64 hjáleigur	

Heimild: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 3. bindi. Kh. 1923–24, bls. 106–158.

Hver leiguliði skyldi greiða konungi landskuld og leigur, t.d. segir við Stóru-Voga, þar sem voru tveir ábúendur: „Landskuld af allri jörðinni er 175 álnir, og betalar hvör

ábúenda eftir proportion. Betalast með 8 vættum og 6 fjórðungum fiska í kaupstað síðan forpachtningin er á komin, en áður heim til Bessastaða.“ Svokölluð leigukúgildi með jörðinni voru alls fimm, fjögur hjá öðrum ábúandanum og eitt hjá hinum. Leigurnar skyldi greiða með fiski. Kvaðir voru á jörðinni, mannlán, eitt af báðum ábúendum um vertíð og einnig tveir hríshestar sem átti að borga með tveimur fjórðungum fiska með landskuldinni. Þá segir: „Hjer fyrir utan falla margoft þær extra odrinarie kvaðir að ljá hest Bessastaðamönnum til reiðar og flutninga innan sýslu, þegar beiðst verður. Item árlega tveggja manna dagslátt og fæða þá sjálfur heima á Bessastöðum um töðutíma, hvort sem á jörðinni býr einn eður fleiri.“<sup>7</sup>

Við Stóru-Voga segir á hinn bóginn einnig: „Af öllum þessum grasnytar hjáleigum hafa jarðarábúendur haft mannlán árið um kring, en tómthúsmanninn hafa Bessastaðamenn skikkað á kóngsskip um vertíð.“<sup>8</sup> Á 17. öld voru allt að níu hjáleigur í túni Stóru-Voga, og því níu mannlán sem ábúendur Stóru-Voga höfðu til ráðstöfunar fyrir sig.

Jarðabókin sýnir hér mjög eindregið lénssamfélag, sjálfspurfartarsamfélag þar sem allir bændur voru leiguliðar konungs eða kirkju. Hjáleigubændur voru síðan undir lögbýlisbændurnar settir. Auk landskuldar og leigna skyldu allir leiguliðar inna af hendi margvíslegar kvaðir fyrir jarðagóssið, mannlán, sem voru róðrarkvaðir, og ýmiss konar þjónustu, bæði við bátaútgerð og flutninga á landi. Einnig skyldi senda menn til að slá heimatúnið á Bessastöðum um sláttinn á sumrin. Hjáleigubændurnir voru flestir skyldugir til að inna eitt mannlán af hendi til lögbýlisbóndans, og einnig dagslátt sem greiðslu fyrir eitthvað sem kallað var „smiðjulán“.

Landskuld og leigur skyldi greiða í fiski, sem síðan var seldur til útlanda á vegum Bessastaðagóssins með skipum einokunarverslunarinnar, eða ef til vill nýttur á annan hátt til greiðslna.

## **Búskapurinn**

Búskapur á Vatnsleysuströnd var fyrst og fremst kúabúskapur og sjávarbúskapur. Hvert lögbýlanna hafði svo sem eins og 5–10 kýr og álíka margar ær, og fáeina hesta

---

<sup>7</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kh. 1923–24, bls. 118.

<sup>8</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kh. 1923–24, bls. 121.

kannski. Sem dæmi má nefna að á Stóru Vogum var eftirtalið búfé: Fimm kýr, sex ær, einn sauður og fjögur lömb, einn hestur og ein hryssa hjá öðrum bóndanum, en hjá hinum bóndanum fjórar kýr, eitt naut, einn kálfur, 12 ær, fjórir sauðir og 11 lömb, þrjár hestar og þrjár hryssur, ein af þeim fylfull.<sup>9</sup>

*Tafla 2. Lögbylí og hjáleigur á Vatnsleysuströnd 1842*

<i>Lögbylí</i>	<i>Fjöldi hjáleigna</i>	<i>Eigandi</i>
Ytri-Njarðvík	4 hjáleigur (1 í sjálfseign)	Sjálfseign
Narfakot		Sjálfseign
Innri-Njarðvík	5 hjáleigur (3 í sjálfseign)	Sjálfseign
Stóru-Vogar	4 hjáleigur	Sjálfseign/leigujörð
Minni-Vogar	1 hjáleiga	Bændaeign. Leigujörð
Brunnastaðir	6 hjáleigur	Sjálfseign
Hlöðunes	2 hjáleigur	Bændaeign. Leiguj.
Stóru-Ásláksstaðir	1 hjáleiga (í sjálfseign)	Sjálfseign
Minni-Ásláksstaðir		Sjálfseign
Litla-Knarrarnes		Sjálfseign
Stóra-Knarrarnes		Bændaeign. Leigujörð
Breiðagerði		Bændaeign. Leigujörð
Auðnar	1 hjáleiga	Sjálfseign
Landakot		Sjálfseign
Þórustaðir	1 hjáleiga	Sjálfseign/leigujörð
Kálfatjörn	4 hjáleigur	Beneficium
Bakki		Kálfatjarnarkirkja
Flekkuvík		Kálfatjarnarkirkja
Minni-Vatnsleysa		Sjálfseign
Stóra-Vatnsleysa		Bændaeign. Leigujörð
Hvassahraun		Sjálfseign/leigujörð
21 lögbylí	29 hjáleigur	

Heimild: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kh. 1847, bls. 89–91.

<sup>9</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kh. 1923–24, bls. 119.

Á Stóru Vogum var auk þess unnt að finna öðru hvoru rekavið á fjörum, og hrognkelsafjara var nýtt. Skelfiskfjara var nokkur, sölvafjara lítil og heimræði árið um kring. Ábúandi hafði stundum fengið tekjur af svokölluðum inntökuskipum, bátum annars staðar frá sem gerðir voru út frá jörðinni. Eldiviðartak var hægt að fá úr fjörunni af fjöruþangi. Hins vegar voru engar engjar á jörðinni og útihagar litlir sumar og vetur. Selstöðu átti jörðin þar nærri „sem kallað er Vogaholt, og aðra vill hún eigna sjer þar sem heitir Fagridalur“. Hún hlýtur að hafa verið mikilvæg vegna þess að úthaga og engi skorti. Hver hjáleiga hafði yfirleitt eina kú og lítið annað. Hver hjáleigubóndi og fjölskylda hans hafði fyrst og fremst framfæri sitt af sjóróðrum. Síðan voru nokkrar þurrabúðir eða tómthús sem engar skepnur höfðu. Búskapurinn víðast hvar á Vatnsleysuströnd var líkur þessu, engjar og úthagar voru takmarkaðar, en flestar jarðir höfðu selstöðu einhvers staðar á Reykjanesfjallgarði og sjávarnytjar voru miklar og margvíslegar.

### **Lénsveldið selt**

Um 1850 sat flest við hið sama, utan ein mikilvæg breyting hafði orðið. Árið 1785 ákvað stjórnin að selja þrjú stærstu og mikilvægustu jarðagóss í eigu ríkisins. Það voru jarðir Hólastóls, Skálholtsstóls og Viðeyjarklausturs.

Á meðal eigna Skálholtsstóls voru allar jarðir á Eyrarbakka. Þær voru allar seldar og einnig allar þær jarðir á Vatnsleysuströnd sem áður höfðu heyrt undir Viðeyjarklaustur og síðan Bessastaði. Flestar lögbýlisjarðir á Vatnsleysuströnd voru nú í höndum sjálfseignarbænda. Allar jarðir, sem höfðu verið konungsjarðir, voru nú komnar í einkaeign. Flest lögbýli í einkaeign voru í sjálfseign (eigandi jarðarinnar var ábúandi) eða tíu, þrjú í sjálfseign að hluta og hinn hlutinn leigður út og fimm voru leigð út af eigendum til leiguliða. Athyglisvert er að af 29 hjáleigum voru fimm í sjálfseign en hinar voru leigujarðir. Kálfatjörn var enn þá prestssetur og átti tvær jarðir, Bakka og Flekkuvík, eins og áður.

Þetta olli því að til varð ný stétt stórbænda, þ.e. þeir sem áttu útvegsjarðir með fjölda hjáleigna. Það virðist nefnilega ekki hafa verið gert ráð fyrir því að hjáleigubændurnir gætu eignast jarðir sínar í söluskilmálunum um 1800, en einhvern veginn virðast þó nokkrir bændur hafa komist yfir hjáleigur sínar og eignast þær.

Jarðirnar voru seldar eins og þær voru með hjáleigum og öllu, og nú bjuggu á þeim sjálfseignarbændur, vel stæðir útvegsbændur, sem höfðu tekjur af hjáleigunum líka. Þetta gildi raunar um eignarhald á öllum Suðurnesjum. Flestar jarðir þar höfðu verið í ríkiseigu og voru nú komnar í einkaeign, margar þeirra setnar vel stæðum útvegsbændum.

### Kreppa íslensku fiskveiðigóssanna á 18. öld

Á töflu 1 sést að 1703 voru 64 hjáleigur skráðar á Vatnsleysuströnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en nokkrar þeirra voru þá nýlega komnar í eyði. Ástæðan var hallæri árána 1685–1702.

Tafla 3. *Konungsjarðir á Vatnsleysuströnd, sala*

Lögbýli	Verð rd. sk.	Söludagur
Ytri-Njarðvík	2250	19. desember 1806
Narfakot	433	9. febrúar 1791
Innri-Njarðvík	752	17. febrúar 1790
Stóru-Vogar	785 48	7. ágúst 1813
Minni-Vogar	502 64	22. júní 1791
Brunnastaðir	386 24	17. maí 1786
Hlöðunes	788	19. apríl 1837
Stóru-Ásláksstaðir	480 48	7. ágúst 1813
Minni-Ásláksstaðir	445	7. ágúst 1813
Litla-Knarrarnes	564	19. apríl 1837
Stóra-Knarrarnes	425 16	13. júní 1838
Breiðagerði	244 48	2. maí 1827
Auðnar	985	19. apríl 1837
Landakot	310	13. júní 1838
Þórustaðir	680	19. apríl 1837
Minni-Vatnsleysa	525	13. júní 1838
Stóra-Vatnsleysa	911 48	13. júní 1838
Hvassahraun	898	19. apríl 1837

Heimild: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kh. 1847, bls. 436

Á Íslandi gerðist það hins vegar að sjávarhjáleigur og þurrabúðir byggðust fæstar upp að nýju að loknu hallærinu. Ástæðan var sú að eftir Stórubólu 1707–1709 varð völ á fjölmörgum bújörðum, og flestar fjölskyldur litu svo á að afkoman væri öruggari á býlum þar sem unnt var að hafa nokkrar kýr og nokkra tugi af kindum en á hjáleigum suður með sjó þar sem í mesta lagi var hægt að hafa eina eða tvær kýr.

Hjáleigu- og þurrabúðarbyggð á sunnan- og vestanverðu landinu hnignaði þannig mjög á 18. öld og fram á þá 19. Þetta sést á því að í Vatnsleysustrandarhreppi hafði hjáleigum fækkað um helming eða meira á 150 árum og voru nú aðeins 29. Vera má að auk öryggisins, sem fólst í að búa á hefðbundnum bújörðum, hafi annað komið til að fólk leitaði frá ströndinni. Á fiskveiðigóssum sunnan- og vestanlands voru alls staðar kvaðir, eins og á Vatnsleysuströnd, mannlán og dagslættir. Norðanlands og austan voru hins vegar óvída kvaðir af nokkru tagi.<sup>10</sup> Vera má að fjölgun íbúa norðanlands, sem var hlutfallslega mun meiri en sunnan- og vestanlands á þessu tímabili, hafi stafað af flótta fólks undan kvöðunum.

Flóttinn frá kvöðunum getur ekki hafa verið fiskveiðigóssunum sunnanlands og vestan til framdráttar. Blómatími þeirra hafði verið á 17. öld, en á 18. öld var annað hljóð í strokknum. Alþýðan barðist fyrir því að bæta kjör sín, og vera má að fólk hafi flutt þangað sem það var í friði fyrir ágangi yfirstéttar. Það er ein tegund stéttabaráttu. Hliðstæður flótti er vel þekktur úr sögu Danmerkur á 18. öld, en nánari rannsóknir þarf að gera á því hver reyndin var á þessu sviði á Íslandi.

## Jarðasalan á Suðurnesjum

Skoðum nú hvenær jarðirnar á Vatnsleysuströnd voru seldar og á hvaða verði. Þær voru seldar á tímabilinu 1786–1838 og þá var búið að selja allar jarðirnar. Líklegt er að fyrsta salan hafi á einhvern hátt verið í tengslum við sölu Skálholtsjarða á tímabilinu 1786–1791. Síðan voru allar Bessastaðajarðir á Suðurnesjum seldar smám saman, 1806, 1813, 1827, 1837 og 1838. Nánari tildrög þess eru ekki kunn og þarf þar að grafa dýpra og rannsaka betur, en ekki er ráðrúm til þess hér. Niðurstaðan var sú að á tímabilinu 1786–1838 voru allar jarðir úr hinu gamla Viðeyjargóssi eða

---

<sup>10</sup> Árni Daníel Júlíusson: „Kvaðirnar kvaddar. Kvaðakerfi, demógráfía og svæðisbundin misþróun á 17. og 18. öld.“ *Íslenska söguþingið 30. maí-1. júní 2002*. 2. bindi. Rv. 2002, bls. 245–252.



Bessastaðagóssi seldar bændum. Ekkert annað klausturgóss var selt úr eigu ríkisins fyrr en í upphafi 20. aldar, þegar þau voru öll seld.

## Stjórnin

Hver var stjórnin á þessum tíma? Af hverju ákvað hún að selja allar þessar jarðir? Stjórnin var dansk-norska og síðar danska konungsstjórnin sem stjórnaði Íslandi. Ísland sá hins vegar að mestu um eigin stjórn. Margir æðstu embættismenn á þessum tíma voru íslenskir að þjóðerni, og nær allir aðrir embættismenn á Íslandi voru það líka. Ísland hafði sérstök lög. Endanlegar ákvarðanir um mikilvægustu málefni voru þó að forminu til – og oft í raun – teknar í Kaupmannahöfn og oft voru málefni Íslands þar til umræðu og stefnan mörkuð. Allir æðstu íslenskir embættismenn voru menntaðir í Danmörku.

Á 18. öld áttu sér stað miklar þjóðfélagsbreytingar í Danmörku. Árið 1733 voru sett lög sem áttthagabundu bændur. Vaxandi eftirspurn var eftir korni á alþjóðlegum markaði og danskir gósseigendur hugðust nýta sér það með því að ná betri stjórn á leiguliðum sínum. Það var efnahagsvöxtur í Bretlandi, sem leiddi til þessarar eftirspurnar, en brátt kom í ljós að áttthagabönd dugðu skammt til að auka framleiðslu í dönskum landbúnaði fyrir alþjóðamarkað. Bændur snerust gegn kúguninni, ýmist flúðu eða unnu hægt.<sup>11</sup> Að lokum var ákveðið að gera víðtækar breytingar á danska landbúnaðarkerfinu. Þorpssamfélögum, sem höfðu átt sameiginlegt land og unnið það í félagi, var nú skipt upp í bújarðir, sem hver hentaði einni fjölskyldu. Hætt var að krefjast kvaðavinnu leiguliða á góssum, en tekin upp launavinna landbúnaðarverkamanna. Þessar umbætur urðu á tímabilinu 1770–1848. Eftir þær var í Danmörku eins konar landbúnaðarkapitalismi, þar sem gósseigendur þénuðu vel á því að rækta korn á stórbúum sínum og selja á alþjóðlegan markað. Bændur á fjölskyldubýlum keyptu býlin, gerðust sjálfseignarbændur og græddu einnig vel á því að selja á markað. Danir tóku þar með þátt í alþjóðlegri verkaskiptingu kapitalismans

---

<sup>11</sup> Benito Scocozza: „Den borgerlige revolution i Danmark i slutningen af det 18. århundrede.“ *Historisk tidskrift* bind 14 række 5 (1984, bls. 201–208).

nær frá upphafi. Kapítalismí með iðnaði og fjármálastarfsemi kom hins vegar ekki fram þar fyrr en eftir byltinguna 1848.<sup>12</sup>

Eins og áður segir var kreppa í íslenska kerfinu á 18. öld. Um 1770–1780 opnuðust nýir markaðir fyrir íslenskan saltfisk við Miðjarðarhaf. Fiskveiðar uxu þá á Suðurnesjum.<sup>13</sup> Á svipuðum tíma var leyft að kaupmenn gætu sest að á Íslandi og verið þar árið um kring. Í *Íslenskum söguatlas* segir:

Við stjórnarskiptin í Danmörku 1784 var skipuð ný nefnd, Landsnefndin síðari, sem gera átti tillögur um aðstoð við Íslendinga í Móðuharðindunum og um viðreisn landsins. Afnám einokunarverslunarinnar, flutningur biskupsstólanna til Reykjavíkur, sala stólsjarða og breytingar í skóla- og réttarfarsmálum voru allt afleiðingar af starfi þeirrar nefndar. ... greinilegt [er] að á þessum árum, þ.e. síðari hluta 18. aldar, var lagður grunnur að þeim breytingum, sem urðu á atvinnuháttum landsmanna á 19. öld.<sup>14</sup>

Árið 1784 komust upplýstir umbótamenn til valda. Þá tók Friðrik VI. við stjórnartaumunum, en faðir hans Kristján VII. var veikur. Meðal þess sem Friðrik VI. gerði var einmitt að skipa Landsnefndina síðari. Áður hafði Landsnefndin fyrri kannað hagi Íslendinga á fyrra umbótaskiði, skeiði Struensees, en sú nefnd var skipuð 1770.

Bæði í Danmörku og á Íslandi hafa umbæturnar ýmis einkenni svokallaðrar „óvirkrar byltingar“ eða byltingar að ofan. Í Danmörku voru umbæturnar knúðar fram af ríkisvaldinu þrátt fyrir mikla mótspyrnu íhaldssamra gósseigenda, sérstaklega á Jótlandi. Umbæturnar nutu hins vegar stuðnings umbótasinnaðra gósseigenda og borgara í Kaupmannahöfn. Stjórnin var talin hafa fullan rétt til að breyta stjórnarháttum, enda höfðaði hún til almennings, mannréttinda og þjóðlegs gildismats. Umbæturnar fullnægðu kröfum umbótaafila, sem yfirleitt fengu hvergi kröfum sínum framgengt sunnar í Evrópu á sama tíma. Umbæturnar miðuðu að því að efla hag ríkisins í heild en ekki einungis foréttindahópa.

Á Íslandi voru einnig til upplýstir og framfarasinnaðir menn og margir þeirra sátu í áhrifamiklum embættum. Þannig var verulegur stuðningur við umbæturnar á Íslandi.

<sup>12</sup> Hans Jørgen Vad: „Den borgerlige revolution I Danmark 1848-1901.“ *International socialisme* nr. 6., efterår 1993.

<sup>13</sup> Haukur Aðalsteinsson: „Staða og þróun árabátaútgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi á 19. öld.“ Erindi á málþingi, þ.e. sögumálþingi í Vogum vorið 2010. Handrit í vörslu höfundar.

<sup>14</sup> *Íslenskur söguatlas* 2. bindi. Rv. 1992 bls. 37.

## Óvirka byltingin og staða Danmerkur

Undanfarin ár hefur nýtt hugtak rutt sér til rúms í umræðunni um þróun borgaralegu byltingarinnar í Evrópu, „passive revolution“, sem hér hefur verið þýtt sem „óvirk bylting“. Hugtakið kemur fram í Fangelsisdagbókum Antonio Gramsci og beitir hann því til að greina framþróun borgaralegu byltingarinnar á Ítalíu. Á árunum 1850–1870 leiddi Sardíníuríki, eitt ítölsku ríkjanna, sameiningu Ítalíu og byltingu, sem átti fyrirmynd sína í frönsku byltingunni og leiddi til þess að á Ítalíu komst á kapítalismi.<sup>15</sup> Rétt eins og í Frakklandi, átti sér stað mikil ólga, fjöldi uppreisna og hörð fjöldabarátta almennings á Ítalíu, en það varð ekki bylting í sama skilningi og í Frakklandi, þ.e. að fjöldahreyfing tæki völdin og umbylti þjóðfélagsgerðinni á öllum sviðum: stjórnmalasviðinu, í efnahagsmálum og menningarmálum meðal annars. Allan tímanna var í Sardíníuríki við völd ríkisstjórn sem aldrei var velt úr sessi, en framkvæmdi svipaðar breytingar og í Frakklandi.<sup>16</sup> Meðal þess sem mestu máli skipti var að landbúnaður varð kapítalískur og að fjölskyldubúskapur sjálfseignarbænda með sambandi við markað varð almennur. Það sést vel ef þróunin í Danmörku er borin saman við þróunina á Ítalíu t.d., eða Spáni, þar sem lénsveldi hélst við lýði á ákveðnum svæðum lengi eftir að ríkisvaldið var orðið kapítalískt.

Slík bylting varð víða í Evrópu, t.d. í Þýskalandi en einnig í Japan og Kanada meðal annars á þessu tímabili, 1850–1870. Bent hefur verið á að ýmis einkenni óvirkrar byltingar, og raunar ekki aðeins einkenni, heldur allur þakinn, sé að finna í þróun skosku byltingarinnar frá 1745. Í Skotlandi varð bylting „að ofan“, en talsvert fyrr en á Ítalíu. Ástæðan var sú að Skotland gekk í pólitískt bandalag við England 1707, og það bandalag varð æ nánara á tímabilinu 1707–1745. Í Englandi hafði þróast kapítalismi í landbúnaði allt frá 16. öld. Þar hafði orðið borgaraleg bylting 1640–1660 og brátt átti þar eftir að verða iðnbylting á kapítalískum forsendum. Í Skotlandi hafði ekkert af þessu gerst. Eftir að uppreisn Jakobíta var bæld niður árið 1745 var síðustu leifum lénskerfisins í Skotlandi útrýmt og kapítalismi fór að þróast í landbúnaði og síðan iðnaði og verslun. Á tímabilinu 1745–1800 varð til kapítalískur landbúnaður í

<sup>15</sup> Sardíníuríki er oft kallar Piedmont á erlendum málum. Höfuðborg landsins var Torino á Pósléttunni, og samanstóð ríkið upphaflega af vesturhluta Norður-Ítalíu umhverfis Torino og eyjunni Sardiníu á Miðjarðarhafi.

<sup>16</sup> Antonio Gramsci: *Prison Notebooks*. New York 1971.

Skotlandi,<sup>17</sup> á svipuðum tíma og í Danmörku. Munurinn var sá að í Skotlandi gerðist það eftir pólitíska byltingu þar sem kapítalísk öfl náðu völdum, en í Danmörku náðu kapítalísku öflin ekki völdum fyrr en við lok tímabilsins.

Mikilvægur þáttur í hugtakinu „óvirk bylting“ er áhrif hins alþjóðlega ríkjakerfis á innri stjórnsmál og efnahagsmál í hinum ýmsu ríkjum. Theda Skocpol bendir á að mikilvæg ástæða byltinganna í Frakklandi, Rússlandi og Kína hafi verið efling ríkja sem voru í samkeppni við þessi ríki, England, Þýskaland og Japan.<sup>18</sup> Hin hraða kapítalíska þróun í Englandi eftir 1660 gerði það að verkum að England, og eftir 1707 Bretland (England og Skotland), efl-dist hratt og nágrannarnir fóru að líta til þess sem fyrirmyndar. Jafnframt óx þrýstingur á einveldisríki meginlandsins, Frakkland og Spán, sem ekki voru kapítalísk heldur lénsk einveldisríki og kepptu við Bretland um völd og áhrif um allan heim.

Ekki er ljóst hvernig efling Bretlands verkaði á danskt samfélag. Það er þó líklega þess virði að spyrja hvort framþróun kapítalísma í Bretlandi á 18. öld hafi ekki átt þátt í að veikja undirstöður lénsveldisins í Danmörku. Vera má að einhvers konar óvirk bylting hafi átt ákveðinn þátt í þeirri þróun sem leiddi til þess að kapítalísma komst á í Danmörku um 1800.

Vert er að geta þess að ekki eru allir sagnfræðingar sammála þeirri greiningu að kapítalísma hafi komist á í Danmörku um 1800. Flestir ættu þó að geta verið sammála um að segja að breytingarnar um aldamótin 1800 hafi verið liður í þróun sem var hluti af borgaralegu byltingunni.

## Ísland

Eins og Harald Gustafsson bendir á var margt líkt með danskri og íslenski samfélagsgerð.<sup>19</sup> Herramenn og prelátar sátu á stórgóssum og réðu yfir leiguliðum sem urðu að vinna fyrir því kvaðavinnu og greiða háa leigu af jörðum sem herra-mennirnir

---

<sup>17</sup> Neil Davidson: „Scotland: Birthplace of passive revolution?“ *Capital & Class* 2010 34; 343.

<sup>18</sup> Theda Skocpol: *States and Social Revolutions. A Comparative Analysis of France, Russia and China.* Cambridge 1979.

<sup>19</sup> Harald Gustafsson: „The Nordic Countries, so similar and yet so different.“ *Northern Revolts. Medieval and Early Modern Peasant Unrest in the Nordic Countries.* (Kimmo Katajala, ritstj.). Helsinki 2004, bls. 16–32.

og preláturnir áttu. Stórgóss með mikilli kvaðavinnu voru fyrst og fremst á Suður- og Vesturlandi og byggðu að miklu leyti á skylduvinnu leiguliða á róðrabátum.

Þróunin á Íslandi og í Danmörku varð að mörgu leyti hliðstæð. Óánægja bænda með kvaðavinnu og yfirráð jarðeigenda var mikil á Íslandi eins og í Danmörku. Eftir 1770 markaði stjórnin þá stefnu að stóru íslensku jarðagóssin, Skálholtsgóssið, Hólagóssið og jarðagóss konungs við Faxaflóa, upphaflega Viðeyjarklaustur, skyldu seld til að efla stétt sjálfseignarbænda. Sú breyting tókst ekki sérlega vel, því stórjarðeigendur keyptu stóran hluta þeirra jarða sem boðnar voru upp.<sup>20</sup> Hins vegar tókst annar hluti stefnunnar vel: Sá hluti sem laut að því að styrkja stöðu fjölskyldubúanna. Eftir 1800 urðu þau þátttakendur í æ meiri verslun á vegum danskra selstöðukaupmanna. Fjölskyldubúin, sérstaklega vestanlands, austan og norðan, stórjuku framleiðslu sína á kindakjöti og mikið magn af tólg, ull og kjöti var selt úr landi á hverju ári, mun meira en nokkurn tíma á 18. öld. Þetta var alveg hliðstætt því sem gerðist á dönskum fjölskyldubúum. Yfirbragð verslunarinnar breyttist þannig, að í stað þess að þjóna þörfum lénskerfisins og stórgóssanna fór verslunin að þjóna þörfum hins kapítalíska markaðar með því að markaðssetja vörur fjölskyldubúanna.<sup>21</sup>

En hvað er þá að segja um hinn hluta íslenska kerfisins, fiskigóssin sunnan- og vestanlands? Jú, þau voru einfaldlega seld, að minnsta kosti þau stærstu, og forráðamenn þeirra, m.a. biskupinn í Skálholti og starfsfólk hans, látnir flytja suður til Reykjavíkur. Athyglisvert er að fiskveiðijarðir suður með sjó og í Árnassýslu voru seldar með hjáleigunum, þannig að upphaflega var lénskerfið óbreytt að því leyti að hjáleigubændur áttu ekki kost á að verða sjálfseignarbændur. Það tók tíma fyrir samfélagið að breyta um svip.

Það sem er ef til vill allra athyglisverðast við alla þessa þróun er hversu góð tók stjórnvöld höfðu á því að breyta stefnu þjóðfélagsþróunarinnar á Íslandi og í Danmörku á síðari hluta 18. aldar. Það tókst raunverulega að koma þessum löndum á framfarabraut um 1785 með nokkuð friðsamlegum hætti. Annars staðar varð þróunin síður en svo friðsamleg. Í Frakklandi varð blóðug bylting fjórum árum síðar, sem síðan breiddist út með Napóleonsstyrjöldunum víða um Evrópu, og bylting að ofan, „óvirk

---

<sup>20</sup> *Íslenskur söguatlas* 2. bindi, bls. 52–53.

<sup>21</sup> *Íslandssagan í máli og myndum*. Rv. 2005, bls. 158–159.

bylting“, varð t.d. á Ítalíu og í Þýskalandi um 1850–1870. Þar voru háðar margar styrjaldir til að tryggja byltinguna.

### **Hið nýja vex í gömlum formum**

Það sem einkenndi þróunina á Íslandi og í Danmörku 1785–1848 var að þótt völdin virtust vera í höndum einveldisins var mikil gerjun í gangi. Sjálfseignarbændum fjölgaði t.d. ört í Danmörku og einnig að verulegu marki á Íslandi, t.d. varð bylting í þeim efnum á Vatnsleysuströnd eins og áður segir. Útflutningur frá Íslandi óx hratt. Eftir að einokunarverslunin var afnumin 1787 og verslunin gefin frjáls var það þó aðeins fyrir þegna Danaveldis. Tímabilið 1787–1792 var frjálslynt í verslunarefnum á Íslandi og margir lausakaupmenn, m.a. frá Noregi, versluðu á Íslandi. Verslunin jókst gríðarlega, skipakomur þrefölduðust frá því sem verið hafði á tímum einokunarverslunarinnar.<sup>22</sup> Yfirvöld fóru þó að draga í land með verslunarfrelsið um 1792. Lausakaupmönnum var bægt frá og verslun beint að fáum verslunarstöðum.<sup>23</sup> Íslendingar voru mjög óánægðir með þessa breytingu á verslun, ekki síst almúgi og framfarasinnaðir embættismenn eins og Magnús Stephensen og Stefán Þórarinsson. Á Alþingi 1795 var lögð fram mótmælaskrá, Almenna bænaskráin og skrifuðu undir hana flestir sýslumenn og prófastar. Forgöngumennirnir voru þeir Magnús og Stefán. Stjórnin í Kaupmannahöfn var ekki hrifin og taldi bænaskrána jaðra við uppreisnartilraun. Ekki varð breyting á versluninni, nú sótti flest í sama horf og á tímum einokunarverslunarinnar – nema að einu leyti.

Á versluninni varð nú grundvallarbreyting. Svokölluð selstöðuverzlun kom til sögunnar. Það var verslun sem rekin var af félögum kaupmanna eða einstökum kaupmannsfjölskyldum sem höfðu aðalstöðvar í Kaupmannahöfn og útibú á íslenskum höfnum. Þetta varð farvegur þeirrar vaxandi verslunar á vegum íslenskra fjölskyldubúa sem áður er minnst á. Skipakomum fjölgaði ár frá ári.<sup>24</sup> Jafnframt kom fram og þróaðist ný tegund fiskiðnaðar, saltfiskiðnaðurinn, sem hafði markað í Suður-Evrópu.

---

<sup>22</sup> *Íslenskur söguatlas* 2. bindi, bls. 78–79.

<sup>23</sup> *Íslenskur söguatlas* 2. bindi, bls. 55.

<sup>24</sup> *Íslenskur söguatlas* 2. bindi, bls. 78–79.

Útgerðarbændur á Suðurnesjum nutu þess að nú var komið beint samband við útlönd, þeir veiddu fisk, verkuðu í saltfisk og seldu til útlanda sem aldrei fyrr.<sup>25</sup>

### **Staðan á Vatnsleysuströnd um 1870**

Á Vatnsleysuströnd var staðan þannig um 1870 að það var eins og fátt hefði breyst. Atvinnuhættir voru allir í sömu skorðum, hjáleigurnar á sínum stað og höfuðbólin líka. Róið var á hefðbundnum árabátum að mestu. Skútur var þó farið að gera út frá Vogum 1863.

Einhverjar hræringar voru samt. Yfirbragð samfélagsins var blekkjandi eins og áður segir: Það leit fornlega út en miklar breytingar voru að verða undir niðri. Þorskveiðar og saltfiskverkun jukust stöðugt og færðu mikla björg í bú. Efnahagurinn fór batnandi.

Eins og tala má um landbúnaðarkapítalisma í Danmörku á tímabilinu 1785–1848 má tala um útgerðarkapítalisma á Vatnsleysuströnd. Enn voru róðrabátar, hjáleigur, torfbærir o.s.frv. við lýði. Annað var nýtt, allar jarðir voru í sjálfseign, þ.e. lögbýli, verslunin var frjáls og varð enn frjálsari árið 1854 þegar hún var að fullu gefin frjáls við útlönd. Og nú var í uppsiglingu nokkuð nýtt: Það var búið að stofna barnaskóla á Eyrarbakka. Með því var enn einn steinninn kominn í þá hleðslu sem var umbreyting hjáleigu- og þurrabúðarhverfanna sunnan- og vestanlands úr lénskum fátækragildrum í eina meginstoð íslensku framfaranna á 19. og 20. öld: Sjávarþorpið.

### **Útgerð á Vatnsleysuströnd á 19. öld**

Haukur Aðalsteinsson lýsir í erindi, sem haldið var á málþingi um sögu Vatnsleysustrandarhrepps/Sveitarfélagsins Voga á vegum Minjafélags Vatnsleysustrandarhrepps í samstarfi við Sveitarfélagið Voga árið 2010, hvernig staða og þróun árabátaúgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi var á 19. öld.<sup>26</sup> Haukur lýsir heimildakosti varðandi þetta mál, dregur síðan saman heildarlínur og segir:

Þegar horft er til tímabilsins í heild og reynt að gera sér grein fyrir þróun útgerðarinnar út frá þessum heimildum má draga þá ályktun að eftir nokkra kyrrstöðu á tveimur

<sup>25</sup> *Íslenskur söguatlas* 2. bindi, bls. 136-137.

<sup>26</sup> Haukur Aðalsteinsson: „Staða og þróun árabátaútgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi á 19. öld.“ Erindi á sögumálþingi í Vogum vorið 2010. Handrit í vörslu höfundar.

fyrstu áratugunum sjáist merki um breytingu í átt til þeirrar sóknar sem náði hámarki um og eftir miðja öldina, en undir lok hennar verður síðan algert hrún.

Aflabrogð á árunum 1801–1817 voru léleg og meðalafhlutir á því árabili um 120 fiskar. Sóknin var yfirleitt um 70 bátar árlega, aðallega tveggja manna för og áhöfnin um 200 menn. Netatakmarkanir voru fyrir ströndinni sem settar voru 1792, og mátti ekki leggja net utan línu sem dregin var úr vörðu í Hólmsbergi í Innriskor á Vogastapa. Rakna för upp úr þessum takmörkunum um 1820, og um svipað leyti tók saltfiskverkun að aukast. Smátt og smátt jókst hún um leið og skreiðarverkun fór minnkandi. Verslanir selstöðukaupmanna í kaupstöðunum í nágrenninu settu upp móttökustöðvar fyrir fisk sem kölluð voru „anlegg“. Þar voru einnig birgðastöðvar fyrir salt til að salta fiskinn. Slíkar stöðvar voru í Hólmabúð, Réttartanga, Eyrarkoti og Tangabúð um 1820–30. Eftir 1830 hófst önnur sjósóknarbylgja. Margt bendir til að frá 1830–1870 hafi verið afbragðs aflabrogð, fólksfjölgun og mikill uppgangur á Vatnsleysuströnd. Mjög mikill afli mun hafa verið 1846. Árið 1859 er vitað að um 20. apríl voru komnir á land 46000 fiskar, en það eru nálega 276 tonn upp úr sjó miðað við sex kg. fisk. Mest hafði fengist þar áður 38000 fiskar.<sup>27</sup>

Íbúafjöldi á Vatnsleysuströnd var samkvæmt. opinberum skýrslum 323 árið 1801, 451 árið 1850 og 779 árið 1880.<sup>28</sup> Vitað er nokkuð nákvæmlega um aflabrogð á árabilinu 1869–1881. Fardagaárið 1869–70 gáfu t.d. 49 útvegsmenn í sókninni upp að fiskafli hefði verið 126.240 fiskar, eða um 760 tonn miðað við 6 kg. fisk að meðaltali, langmest á vetrarvertíð. Þá voru 132 skip gerð út og 520 menn í áhöfn frá Hvassahrauni að Vogastapa. Flest skipin voru eins eða tveggja manna för. Að auki munu um 40–50 bátar hafa sótt sjó frá svæðinu og haft þar viðlegu. Það voru fyrst og fremst sexæringar með sex til sjö manns í áhöfn, og hefur afli þeirra líklega verið um 1100-1200 tonn upp úr sjó á árinu.<sup>29</sup>

Mestur aflinn var undir Vogastapa, en einnig í Garðsjó, með fram Vatnsleysuströnd og út á Svið, og meginhluti aflans var fenginn frá því í byrjun mars til vertíðarloka 11.

<sup>27</sup> Haukur Aðalsteinsson: „Staða og þróun árabátaútgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi á 19. öld.“ Erindi á sögumálþingi í Vogum vorið 2010. Handrit í vörslu höfundar.

<sup>28</sup> Ása Björk Ólafsdóttir: Skólinn á Vatnsleysuströnd. Saga hans og samfélagið 1872–1994. Námsritgerð við KHÍ 1994, bls. 6.

<sup>29</sup> Haukur Aðalsteinsson: „Staða og þróun árabátaútgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi á 19. öld.“ Erindi á sögumálþingi í Vogum vorið 2010. Handrit í vörslu höfundar.



maí. Sjómennirnir létu sjálfir salta fiskinn, sem síðan var fullverkaður á staðnum og loks seldur sem gæðavara til Spánar.

Fram kemur í lýsingu Þorvaldar Thoroddsen á Vatnsleysuströnd að þar hefur þá verið myndarbyggð.<sup>30</sup>

Hverfi eða þorp eru hér alls staðar fram með sjónum og mjög mannmargt, enda eru hér einhver hin mestu fiskiver á Íslandi. Bændur voru þá margir efnaðir og byggingar hvergi jafngóðar á Íslandi, svo að segja eintóm timburhús, vel vönduð og útbúin. Þó voru gamaldags kofar innan um á stöku stað. Þó nú útvegsbændur væri margir ágætlega vel efnaðir, þá var þó mikill fjöldi af blásnaudu fólki innan um og meiri munur á efnahag manna en víða annars staðar.

Hér lýsir Þorvaldur arfleifð lénsveldisins og því hvernig upplausn þess var framkvæmd um aldamótin 1800 og fram um 1840: Hjáleigubýggðin fékk ekki að vera með í hinum nýju tímum, og skapaði það mikinn stéttamun.

Sem dæmi um velmegunina nefnir Haukur Aðalsteinsson íbúðarhúsið að Stóru Vogum sem byggt var 1871, en það var 50 fermetrar að grunnfleti, kjallari, stofuhæð og ris og voru allir útveggir hlaðnir upp með tilhöggnu íslensku grjóti, svipað og gert var á Alþingishúsinu. Gluggaholin voru boghlaðin og hleðslan múruð með kalki.

Heldur tók að halla undan fæti fyrir útgerðinni á Vatnsleysuströnd eftir 1880 og við tók mikið aflaleyssitímabil, sem stóð útgerðinni fyrir þrifum.<sup>31</sup>

## Eyrbakki

Eyrbakki og Stokkseyri voru að mörgu leyti frumgerðir hins íslenska sjávarþorps. Þar höfðu mjög lengi verið hjáleiguhverfi. Árið 1750 varð mikil breyting þegar þar settist að danskur kaupmaður.<sup>32</sup> Árið 1765 var byggt þar íbúðarhús kaupmannsins, Húsið, sem enn stendur.

Í lýsingu á Eyrbakka frá miðri 18. öld segir að á Eyrbakka séu 19 stórjarðir og meira en einbýlt á flestum þeirra, þrí- og fjórbýlt á sumum, og auk þess séu þar nálega 90 kotbærir, þegar allar hjáleigur og þurrabúðir teljast með. Þetta sé helsti

<sup>30</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882–1898*. Kh. 1913.

<sup>31</sup> Haukur Aðalsteinsson: „Staða og þróun árabátáutgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi á 19. öld.“ Erindi á sögumálþingi í Vogum vorið 2010. Handrit í vörslu höfundar.

<sup>32</sup> Árni Daníel Júlíusson: *Skólinn við ströndina*, bls. 24.

verslunarstaður landsins, og sé mest verslað með kvikfénað, sem þar sé slátrað, kjötið saltað í tunnur og það selt til Kaupmannahafnar. Kaupmenn ráði Eyrbekkinga til starfa við slátrunina, einn frá hverju heimili og taki þeir með sér konur og börn til hjálpar. Þetta sé eitt hið sóðalegasta starf á Íslandi, og þyki dvöl þar lítt bæta „siðferði unglinga og framkomu, því að venjulega gefst þar allt of gott færi á að læra hvers konar rustaskap, sviksemi, hrakyrði, bölv og drykkjuskap.“ Kannski má segja að þetta sé ein elsta lýsing á íslenskri verkalýðsstétt sem til er og þeim uppeldisaðferðum sem yfirstéttin taldi að þar tíðkuðust.<sup>33</sup>

## Breyting

Á þessu varð að sögn breyting þegar til sögunnar kom mikill fyrirmyndarmaður í kaupmannastétt, nýr verslunarstjóri, sem tók við störfum á Eyrarbakka rétt fyrir 1850. Þessi nýi verslunarstjóri hét Guðmundur Thorgrímson og er venja að telja að hann og fjölskylda hans hafi valdið miklum breytingum til hins betra í menningu og siðferði á Eyrarbakka og Stokkseyri. Meðal þess sem Guðmundur gerði var að gangast fyrir stofnun barnaskóla á Eyrarbakka. Guðmundur skrifaði grein í tímaritið *Bóna* ásamt með tveimur mönnum, sr. Páli Ingimarssyni, kapellán til Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarsafnaða og Þorleifi Kolbeinssyni, hreppsstjóra á Háeyri og einum auðugasta manni landsins. Í greininni færðu þeir rök fyrir því að nauðsynlegt væri að stofna barnaskóla á Eyrarbakka.

Rök eru færð að því í greininni að ólærðir menn þurfi menntun rétt eins og þeir lærðu. Alþýðan geti betur látið að stjórn þeirra sem yfir hana eru settir ef hún sé menntuð. Sú menntun sem nú sé vöð á, að foreldrar kenni börnum að lesa með leiðbeiningum sóknarprests sé ekki nægileg. Uppfræðingu barna í þéttbýlum og fjölmönnum þorpum í veiðistöðum og kringum kaupstaði sé auk þess mjög ábótavant. Þar sé brýnust nauðsyn á barnaskólum og þar verði þeim einnig helst komið við vegna fjölmennis og þéttbýlis. Á þessum stöðum sé mikið svall og fyllirí og hafi foreldrar lítið næði til að kenna börnum. Nauðsynlegt sé að útvega börnum, sem vanrækt eru heima hjá foreldrum, góða kennslustaði. Mikil nauðsyn sé á skólanum, en flestir, sem

---

<sup>33</sup> Árni Daníel Júlíusson: *Skólinn við ströndina* bls. 27.

hann þurfi að nota, séu örbirgir. Hins vegar hafi safnast 400 rd. í sjöð til styrktar skólanum, og biðja þremmingarnir um frekari aðstoð.<sup>34</sup>

Barnaskólinn á Eyrarbakka tók síðan til starfa árið 1852 í nýju skólahúsi, sem byggt hafði verið úr timbri og kostað 500 rd. Ráðinn var til skólans kennari og fékk hann 130 rd. í laun á ári.<sup>35</sup> Ýmislegt er óljóst með fjármögnun skólans, nema að opinbert fé var ekki lagt til hans fyrstu áratugina. Skólinn starfaði þrátt fyrir ýmiss konar erfiðleika samfelld eftir þetta og fram á þennan dag.

Ýmsir aðrir skólar störfuðu á þessum tíma, svo sem barnaskóli í Reykjavík frá 1830 til 1848, og aftur frá 1862, og um svipað leyti og skóli var stofnaður á Vatnsleysustönd var skóli einnig stofnaður í Garði.<sup>36</sup>

Aðstæður í skólamálum á þessum tíma voru ávöxtur mikils rannsóknarátaks sem farið hafði fram um miðja 18. öld. Í framhaldi af því voru sett fræðslulög árið 1790. Ekki var gert ráð fyrir skólaskyldu, en börnum skyldi kenndur lestur og kristindómur fyrir fermingu. Sóknarprestar voru ábyrgir fyrir því að foreldrar sinntu þessu, og það var meðal annars sú ábyrgð sem leiddi til að sóknarprestar þrýstu á um að stofna skóla á stöðum eins og Eyrarbakka og Vatnsleysuströnd. Eins og lýst er að ofan var þar mikill fjöldi aðkomumanna úr ýmsum áttum, fjöldi sjómanna, fátækt, ómegð og bágindi hjá mörgum hjáleigufjölskyldum og slöku slegið við í barnafræðslunni.<sup>37</sup>

## Skólinn verður til

Forgöngumaður um stofnun skólans á Vatnsleysuströnd var sr. Stefán Thorarensen, sem var prestur á Kálfatjörn 1857–1886. Hann hefur talið að til að unnt væri að sjá börnum á ströndinni fyrir fullnægjandi fræðslu samkvæmt lögunum frá 1790 yrði að stofna skóla, ekki dygði að fela foreldrum kennsluna og láta prestinn hafa eftirlit eins og víðast annars staðar tíðkaðist. Stefán aflaði sér bandamanna meðal bænda í sókninni, og þótt allir tækju ekki undir málflutning prests, var stuðningurinn nægilegur til að hefjast handa. Meðal þeirra sem styrktu skólann var Egill Hallgrímsson bóndi í

<sup>34</sup> Árni Daníel Júlíusson: *Skólinn við ströndina* bls. 62–63.

<sup>35</sup> Árni Daníel Júlíusson: *Skólinn við ströndina* bls. 68–69.

<sup>36</sup> Loftur Guttormsson: „Skólastofnanir „suður með sjó“ með sérstöku tilliti til Vatnsleysustrandarhrepps.“ Málþing um sögu Vatnsleysustrandarhrepps 24. apríl 2010. Handrit í vörslu höfundar.

<sup>37</sup> Loftur Guttormsson: „Skólastofnanir „suður með sjó“ ...“.

Austurkoti sem gaf 100 ríkisdali og Guðmundur Ívarsson í Skjaldarholti, sem gaf 50 ríkisdali. Haldin var hlutavelta og rann ágóðinn af henni til skólans. Skólinn fékk síðan lán úr Thorchilli-sjóði, sem stofnaður var 1759 að frumkvæði Jón Þorkelssonar en hann hafði einmitt verið einn aðalforgöngumaður menntunarumbóta á 18. öld, og var ættaður úr Njarðvíkum.<sup>38</sup>

Byggt var myndarlegt skólahús á Suðurrkotslandi í Brunnastaðahverfi, á landi sem skólinn eignaðist. Þannig segir frá skólabyggingunni:

Hafist var handa við skólabygginguna í júní 1872. Efnið í bygginguna var flutt með skonnortu frá Reykjavík suður í Voga og þaðan flutti Guðmundur Ívarsson timbrið endurgjaldslaust á áraskipi sínu að Brunnastöðum. Stefán hét maðurinn sem aðallega sá um smíði hússins og hafði hann viðurnefnið snikkari. Vann hann frá klukkan 6 á morgnana fram til 10 á kvöldin og hafði hann í laun 2-3 krónur á dag. Hóf Stefán smíðina í júní ... og lauk við verkið í september 1872.<sup>39</sup>

Skólahúsið var myndarleg bygging miðað við samtíma sinn. Það var timburhús, 10,7 metrar á lengd og 8,8 metrar að breidd. Á því var loft, og hver þilja, gluggar og hurðir handunnið. Í norðurhlið hússins á neðri hæð þess var kennt í stórri stofu sem í var stór ofn, en á efri hæðinni bjuggu hjón sem sáu um skólann, kyntu ofninn og sinntu öðrum tilfallandi störfum fyrir skólann. Þar var einnig svefnaðstaða fyrir fátæk börn sem bjuggu í skólanum, svokölluð „Thorchillii-börn“. Árið 1886 var byggt við skólann, 27 fermetra viðbygging.<sup>40</sup>

Til er reglugerð skólans frá 1872, og var kennsluskipan samkvæmt henni með þeim hætti að í almennri kennslu fyrir ófermd börn skyldi kenndur lestur, skrift, reikningur, kver og biblíusögur. Einnig var gert ráð fyrir sérstakri kennslu fyrir fermda unglunga, skrift, reikningi, söng, réttitun, dönsku og ensku.<sup>41</sup> Einnig var gert ráð fyrir kennslu í handavinnu fyrir stúlkur. Áherslan á hið trúarlega var smám saman víkjandi, en það sem kalla má veraldlega, borgaralega fræðslu fór vaxandi.

<sup>38</sup> Eyjólfur R. Bragason, Magnús M. Jónsson, Steinarr Þ. Þórðarson: Skólahald í Vatnsleysustrandahreppi 1872–1982. B.Ed. ritgerð við Kennaraháskóla Íslands 1984, bls. 9.

<sup>39</sup> Þjskjs.: Skólaskýrsla Brunnastaðaskóla 1877–78.

<sup>40</sup> Ólafur Þ. Kristjánsson: *Kennaratal á Íslandi* II. bindi. Rv. 1965, bls. 65, Loftur Guttormsson: „Skólastofnanir „suður með sjó“ ...“.

<sup>41</sup> Reglugjörð, til bráðabirgða, samþykkt á almennum barnaskólafundum í skólahúsinu 13. sept. 1872 fyrir Thorchillis barnaskóla í Vatnsleysustrandahreppi. Skjalasafn Stóru-Vogaskóla. Afrit í vörslu höfundar.

Kennarar fyrstu árin voru meðal annarra þeir Oddgeir Guðmundsson guðfræðingur (1849–1924), sem kenndi 1872–73, Ólafur Rósinkrans sem kenndi 1877–1878 og Pétur Pétursson, sem stundað hafði verslunarnám í Kaupmannahöfn 1867 og kenndi 1878–1883. Líkt og á Eyrarbakka var strangur agi og kennarar alvarlegir. Laun Oddgeirs fyrir kennslutímabilið voru 350 krónur og voru 29 börn við nám þann vetur sem hann kenndi. Hann þurfti sjálfur að fæða sig og leggja til ljós, en hafði ókeypis húsnæði og hita.<sup>42</sup>

Íbúafjöldi árið 1870 var 910 í öllum hreppnum, og þar af í Njarðvík 252, en þar var sérstakur skóli. Íbúafjöldi skólahverfisins var því 758. Fjöldi fermingarbarna 1884 var 28, en fjöldi skólanemenda 1878 26. Líklega var því aðeins um þriðja til fjórða hvert barn 10–13 ára í skóla. Skólaárið var frá 15. september til 15. mars, en vertíð hófst í mars og var ákveðin togstreita milli skólagöngu og vinnu barna.<sup>43</sup>

### **Stofnun barnaskóla – liður í umskiptum**

Stofnun barnaskólans á Vatnsleysuströnd, eins og skólans á Eyrarbakka, var einn ávöxtur fyrsta stigs kapítalískrar þróunar á Íslandi. Segja má að landið hafi um 1800 verið tengt við alþjóðlega verkaskiptingu kapítalismans með lágmarksfyrirhöfn (sölu ríkisjarða, aukinni verslun almennra bænda) án þess að svo miklar breytingar yrðu á yfirbragði samfélagsins, en smám saman fór þessi tenging að valda meiri breytingum.

Eftir 1820 að minnsta kosti leiddi tengingin við alþjóðlega verkaskiptingu kapítalismans af sér hraðan vöxt og mikla velmegun víða á Íslandi. Þessu er vel lýst í frásögnum frá Vatnsleysuströnd, þar var efnahagur afar góður um 1870. Lögbýlisbændur höfðu eignast jarðir sínar á fyrri hluta 19. aldar og nutu þess að fá af þeim allar tekjur. Yfirbragð menningar og samfélags var farið að endurnýjast mikið á Vatnsleysuströnd, timburhús komin í stað torfhúsa, og saltfiskverkun fyrir Spánarmarkað í stað skreiðarverkunar fyrir Mið-Evrópumarkað. Fiskurinn var þrátt fyrir þetta sóttur á örsmáum áraskipum, eins eða tveggja manna förum. Þegar fiskurinn

---

<sup>42</sup> Eyjólfur R. Bragason, Magnús M. Jónsson, Steinarr Þ. Þórðarson: Skólahald í Vatnsleysustrandarhreppi 1872–1982. B.Ed. ritgerð við Kennaraháskóla Íslands 1984, bls. 12.

<sup>43</sup> Loftur Guttormsson: „Skólastofnanir „suður með sjó“ ...“.

lagðist frá í lok aldarinnar, að hluta til í tengslum við aukna sókn breskra togara á Íslandsmiðum,<sup>44</sup> olli það langvarandi kreppu á Vatnsleysuströnd.

Annað stig kapítalískrar þróunar á Íslandi var þegar sjávarþorpin fóru að spretta upp með miklum hraða upp úr 1880 vestanlands, norðan og austan. Fyrirmyndir þeirra voru sjávarþorpin suðvestanlands, og hvarvetna var komið á fót barnaskóla. Viðurværið var veiðar á fiski (þorskveiðar, síldveiðar) og í mörgum tilfellum verkun þorsks í saltfisk, eins og suður með sjó, og fram til 1905 eða svo, var hann sóttur á áraskipum og sums staðar á skútum, líkt og þar. Í þriðja lagi kom verslun í hvert pláss, kaupmaður sem sá um að koma afurðunum á markað.

Það er álitamál hvort nefna skuli vélvæðingu fiskiskipaflotans þriðja stig innleiðingar kapítalismans á Íslandi, eða hvort hún var hluti af öðru stiginu. Að minnsta kosti festi vélvæðingin annað stig byltingarinnar í sessi. Á Vatnsleysuströnd táknaði hún um 20–30 ára tímabil tilrauna til að koma á vélbátaútgerð, en það tókst ekki endanlega fyrr en upp úr 1940.

---

<sup>44</sup> Margir íbúar á Vatnsleysuströnd líta svo á að upphaf togaraaldar á Íslandsmiðum um 1890 hafi valdið hruni þeirrar velmegunar sem verið hafði á 19. öld og einkenndist af samblandi fornra og nútímalegra lífshátta. Þetta kom fram á fundi sem haldinn var í Stóru-Vogaskóla 4. mars 2013.